

## 6. gr.

Markmið sjóðsins er að efla og styrkja tónlistarlíf við Varmahlíðarskóla og Tónlistarskóla Skagafjarðarsýslu. Veita skal efnilegum nemendum skólanna viðurkenningu fyrir góða ástundun og framfarir í tónlistarnámi og móðurmálsfræðum.

Úthlutun úr sjóðnum skal fara fram að loknu skólastarfi ár hvert, í sambandi við vorpróf, skólaslit og nemendatónleika, í fyrsta sinn vorið 1980.

## 7. gr.

Fjárveiting úr sjóðnum skal eigi vera meiri á hverju ári, en sem nemur 1/10 — einum tíunda — af höfuðstól, eins og hann verður á hverjum tíma, enda þótt vextir séu hærri og tekjur hans meiri, sem leggjast við höfuðstólinn.

Verði árstekjur sjóðsins undir 10% af höfuðstól, skal eigi veita meira en 9/10 af tekjum það ár. Stjórn sjóðsins er þó heimilt að hnika þessu til, ef ástæða þykir.

## 8. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu Varmahlíðarskóla, og skólastjóri hans vera formaður sjóðsstjórnar. Aðrir í stjórn sjóðsins skulu vera skólastjóri Tónlistarskóla Skagafjarðarsýslu og sóknarpresturinn í Viðimýrarsókn. Ennfremur foreldrar Aðalheiðar, þau hjónin Stefanía Þórunn Sæmundsdóttir og Gunnar Gunnarsson, meðan þeirra nýtur við. Óski ættingjar að þeim látnum að eiga aðild að stjórninni, skulu þeir þar til nefna einn mann.

## 9. gr.

Stjórn sjóðsins hefur á hendi alla framkvæmd fjárveitinga úr sjóðnum, reikningshald hans og umsjón.

Endurskoðendur sjóðsins skulu vera endurskoðendur reikninga Seyluhrepps.

## 10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

## REGLUGERÐ

um kaup lífeyrissjóða á verðtryggðum skuldabréfum ríkissjóðs, Framkvæmdasjóðs Íslands, Byggingasjóðs ríkisins og annarra fjárfestingarlánasjóða.

## 1. gr.

Hverjum lífeyrissjóði sem lögbundinn er eða starfar eftir reglum sem fjármálaráðherra samþykkir, sbr. 1. tölulið D-liðs 30. gr. laga nr. 40/1978, er skylt að verja árlega a. m. k. 40% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á skuldabréfum, með fullri verðtryggingu til eigi skemmri tíma en 10 ára og sem fullnægja öðrum þeim ákvæðum sem sett kunna að verða af Seðlabanka Íslands. Til að tryggt sé að lífeyrissjóðir geti fullnægt ávöxtunarákvæðum þessum er Framkvæmdasjóði Íslands og Byggingasjóði ríkisins skylt að hafa slík skuldabréf til sölu. Lífeyrissjóðunum er heimilt að kaupa skuldabréf annarra fjárfestingalánasjóða með fullri verðtryggingu. Teljast slík kaup hluti ráðstöfunarskyldu skv. 1. mgr. þessarar greinar, fari kaupin fram innan þeirra tímamarka, er um getur í 2. gr.

## 2. gr.

Lífeyrissjóðum er skylt að láta fjármálaráðuneytinu í té áætlun um ráðstöfunarfé sitt út árið í upphafi hvers árs og eigi síðar en 1. febrúar. Að lokinni athugun

ráðuneytisins á áætlun þessari skal í samráði við viðkomandi lífeyrissjóð gerð áætlun um heildarkaup sjóðanna á verðtryggðum skuldabréfum innan hvers ársfjórðungs sbr. ákvæði 4. gr. Lífeyrissjóðunum er skylt að fylgja hinni staðfestu áætlun nema til komi atvik er fallið geta undir ákvæði 6. gr. þessarar reglugerðar.

Áætlun um ráðstöfunarfé skal endurskoðað eigi síðar en 1. september ár hvert til þess að tryggja samræmi áætlunar og breytinga á ráðstöfunarfé.

### 3. gr.

Til ráðstöfunarfjár lífeyrissjóða teljast greidd iðgjöld og greidd aukaframlög, afborganir af lánum, greiddar vaxtatekjur, greiddar verðtryggingatekjur og greiðslur fyrir flutt réttindi til sjóðsins að frádregnum lífeyrisgreiðslum, endurgreiddum iðgjöldum, greiðslum vegna fluttra réttinda frá sjóðnum greiddum vöxtum svo og kostnaði við rekstur sjóðsins og öðrum útgreiðslum er ekki snerta fjárfestingu á vegum sjóðsins eða útlán.

### 4. gr.

Skuldabréf þau, sem fjárfestingalánasjóðirnir bjóða lífeyrissjóðunum til kaups, skulu verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu. Verðtrygging skuldabréfa þessara er háð því að skuldabréfin verði skráð á nafn kaupanda og eigi framseld án samþykkis skuldara. Til viðbótar hverri einstakri greiðslu vaxta og afborgana skal skuldari greiða á hverjum gjalddaga fulla verðbót á vaxta- og afborgunargreiðslu lánsins í réttu hlutfalli við breytingu á lánskjaravísitölu frá grunnvísitölu til gjalddaga. Eftirstöðvar höfuðstóls skuldarinnar breytast í réttu hlutfalli við breytingar sem hverju sinni verða á lánskjaravísitölu frá grunnvísitölu. Lækki lánskjaravísitalan niður fyrir þá vísitölu, er gildi á útgáfudegi skuldabréfsins, skulu greiðslur vaxta og afborgana fara fram á nafnverði. Miðað er við lánskjaravísitölu Seðlabanka Íslands, sbr. auglýsingu bankans 29. maí 1979 með síðari breytingum.

Kaup skuldabréfa þessara fara fram eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

### 5. gr.

Í því augnamiði að gera einfaldari í framkvæmd kaup lífeyrissjóða á verðtryggðum skuldabréfum ríkissjóðs, Framkvæmdasjóðs Íslands, Byggingasjóðs ríkisins og annarra fjárfestingalánasjóða má hafa þann hátt á, að einstök kaup innan hvers árs fari fram með útgáfu bráðabirgðaskuldabréfa, er í árslok verði sameinuð í eitt fullnaðarskuldabréf, með veginni vísitölu bráðabirgðaskuldabréfanna, enda tilgreini slík bráðabirgðaskuldabréf þá almennu skilmála, er gilda skulu um hið endanlega lán.

### 6. gr.

Um skil lífeyrissjóða á ársreikningum til fjármálaráðuneytisins fer skv. ákvæðum reglugerðar nr. 75/1974. Umsjónaraðilum fjármálaráðuneytisins með starfsemi lífeyrissjóða ber að athuga ársreikningana til að sannreyna að ráðstöfun fjár lífeyrissjóðanna sé í samræmi við ákvæði laga og ákvæði reglugerða sjóðanna.

### 7. gr.

Stjórnir einstakra lífeyrissjóða geta við sérstakar fjárhagsástæður hlutaðeigandi lífeyrissjóðs óskað lækkunar á kaupskyldu verðbréfa skv. 1. gr. Til sérstakra fjárhagsástæðna telst vanhæfi lífeyrissjóðs til að veita umsækjanda, er á 5 ára aðild að sjóðnum, lán til íbúðarbyggingar er nemur 1.5 földum dagvinnulaunum skv. 2. taxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, eins og þau laun voru næstliðið ár, enda hafi sjóðfélaginn eigi áður notið sambærilegs láns úr lífeyrissjóði.

8. gr.

Reglugerð þessi er samin skv. 3. gr. laga nr. 82 frá 31. desember 1977, sbr. 3. gr. laga nr. 20 frá 21. maí 1979 um breyting á þeim lögum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 140 frá 21. mars 1978.

*Fjármálaráðuneytið, 4. febrúar 1980.*

**Ragnar Arnalds.**

*Höskuldur Jónsson.*

8. febrúar 1980.

Nr. 158.

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um álagningu gatnagerðargjalda  
við byggðar götur í Seyðisfjarðarkaupstað nr. 486 11. nóvember 1975.

2. mgr. 3. gr. orðist svo:

Gjalddagi afborgana er 1. júlí. Vextir skulu vera þeir sömu og vextir Byggðasjóðs á hverjum tíma en falli niður af síðustu afborgun ef fullnaðarfrágangi götu er ekki lokið á gjalddaga.

Reglugerð þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Seyðisfjarðar, staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 8. febrúar 1980.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

13. febrúar 1980.

Nr. 159.

## AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Akraness nr. 402  
25. sept. 1979, með síðari breytingum.

Tafla I í gjaldskránni hljóði þannig:

**Tafla I. Orku og aflaverð, fastagjöld, mæla og rofaleiga.**

Númer gjald- skrárl. Heiti gjaldskrárliða	Orku- verð kr/kWst.	Fastar greiðslur í kr. Dag- greiðslur	Árs- greiðslur
<b>A-lýsing.</b>			
A 1. Með fastagjaldi .....	46.98	2.09/m <sup>2</sup>	763/m <sup>2</sup> .
A 2. Án fastagjalds .....	124.58		
<b>B-Heimilisnotkun o. fl.</b>			
B 1. Heimilisnotkun .....	35.37	8.31	3033/herb
B 2. Mannvirkjagerð og Akraneshöfn ....	72.24		